

- e) Skólastjóri skal láta umsókn kennara um leyfi skv. b)-lið með árituðu samþykki sínu fylgja með þeirri launaskrá til skólanefndar (sveitarstjórnar) þar sem krafið er um greiðslu til staðgengils kennara vegna leyfis.

### 2. gr.

Beiðnir um leyfi til þátttöku í keppni innanlands eða utan sem fer fram milli félaga eða héraðssambanda skulu berast skólastjóra tveimur vikum fyrir dagsetningu keppni eða móts. Leyfi skal ekki veita, nema viðkomandi kennari útvegi staðgengil, sem skólastjóri samþykkir og að fyrir liggi skriflegt samþykki kennarans um að hann greiði staðgengli sínum laun og staðgengilsins um að hann fallist á þá tilhögun og muni ekki krefja skólann um laun fyrir þá kennslu sem hann þannig innir af hendi.

### 3. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og gilda fyrst um sinn uns öðruvísi kann að verða ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1976.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningar- og verðlaunasjóð dr. phil. Jóns Ófeigssonar, yfirkennara, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 28. desember 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningar- og verðlaunasjóðs dr. phil. Jóns Ófeigssonar yfirkennara.**

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum lærisveinum og vinum Jóns Ófeigssonar og til minningar um hann. Stofnfé nemur kr. 20 000.00.

### 2. gr.

Verkefni sjóðsins er að verðlauna bestu prófframmistöður við Menntaskólann í Reykjavík. Til verðlaunanna má verja allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum af árlegum vöxtum. Minnst  $\frac{1}{4}$  hluti ársvaxtanna leggst árlega við sjóðinn til eflingar honum, auk þess sem sjóðurinn veitir móttöku þeim upphæðum, er menn vildu í hann leggja til minningar um Jón Ófeigsson eða til að styðja verkefni sjóðsins eins og skipulagsskráin greinir. Fyrsta veiting úr sjóðnum skal fara fram í sambandi við vorprófin vorið 1948.

### 3. gr.

Veita skal einungis ein verðlaun úr sjóðnum meðan upphæð sú, er veita má, eigi nemur meiru en kr. 500.00. Skulu þau veitt þeim stúdent, er lýkur hæsta stúdentsprófi frá skólanum vor hvert. Hafi tveir stúdentar eitthvert vor jafnháa aðal-einkunn, skal sá stúdent hljóta verðlaunin, sem hefur hærri einkunn í þýsku, en hafi þeir jafnháa einkunn í þýsku, skiptast verðlaunin milli þeirra.

**4. gr.**

Þegar upphæð sú, er veita má, nemur kr. 500.00, skal veita tvenn verðlaun. Önnur verðlaunin, kr. 500.00, skulu veitt eins og segir í 3. gr., en hin verðlaunin, það sem umfram er kr. 500.00 upp í kr. 1 000.00, skulu veitt þeim nemanda Menntaskólans, sem hæsta aðaleinkunn hlýtur við vorpróf í skólanum. Hafi tveir eða fleiri nemendur jafn háar hæstu einkunnir, sker einkunn í þýsku úr um, hver nemandinn hlýtur verðlaunin — sbr. 3. gr., — en skeri þýsku einkunn ekki úr, eða nemandur hafi ekki haft þýsku til prófs, skiptast þau verðlaun.

**5. gr.**

Þegar upphæð sú, er veita má, nemur yfir kr. 1 000.00, skal veita þrenn verðlaun. Veitast tvenn þeirra eins og að framan greinir, en þriðju verðlaunin, það sem umfram er kr. 1 000.00 upp í kr. 1 500.00, skulu veitt stúdent, sem best er að sér í þýskri tungu að dómi þess kennara, er kennir þýsku til stúdentsprófs, enda hafi sá stúdent jafnháa eða hærri einkunn í þýsku til stúdentsprófs og nokkur annar stúdent frá skólanum það sinn.

**6. gr.**

Þegar  $\frac{3}{4}$  hlutar vaxta sjóðsins nema árlega meiru en kr. 1 500.00, þá hækka öll hin greindu verðlaun jafnt. Farið getur svo, að sami stúdent hljóti öll þrenn verðlaunin, en sé upphæð sú, er veita skal það há að mati rektors Menntaskólans og meiri hluta kennara hans, að æskilegt sé að fjölga verðlaunum í stað þess að hækka þau, skal það heimilt. Er það á valdi sömu aðila, hvort verðlauna beri bestu frammi- stöður við stúdentspróf/vorpróf í einstökum námsgreinum, eða fjölga verðlaunum eftir sömu reglum og að framan greinir, einungis væri þá um að ræða þá, er hefðu næst hæstu prófeinkunnir, og svo koll af kolli. Sama gildir og, ef þýskukennsla til stúdentsprófs yrði lögð niður. Í stað fjölgunar verðlauna geta komið styrkir sbr. 7. gr. hér á eftir.

**7. gr.**

Auk verðlaunaveitinga, sem að framan greinir, skal heimilt að veita bágstöddum sjúkum nemanda/nemendum, er þurfa að leita sér lækninga innan lands eða utan, styrk, enda sé um að ræða kostnað, sem ekki er bættur af sjúkrasamlögum eða almannatryggingum o. s. frv. Ennfremur er heimilt að styrkja efnalegan efnalausán nemanda/nemendur til náms utan lands eða innan. Rektor Menntaskólans í Reykjavík og meiri hluti kennara hans ákveða, hverjir skulu hljóta þessa styrki og hvernig þeim skuli hagað.

**8. gr.**

Öll verðlaun, sem veitt eru, skulu ávallt standa á heilum tug króna.

**9. gr.**

Stjórn sjóðsins og varsla skal vera hjá rektor Menntaskólans, en sjóðurinn skal geymdur og ávaxtaður í einhverjum ríkisbankanna, sparisjóði þeirra og veðdeildarbréfum eða öðrum jafngóðum ríkistryggðum verðbréfum. Einnig má ávaxta fé sjóðsins í fasteignum, en ávallt skal þess gætt að eignir hans séu verðtryggðar eins og best er hægt á hverjum tíma. Skal færð bók yfir eignir sjóðsins og ársreikninga hans. Þar skal og færa skýrslu um alla verðlauna- og styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar starfrækslu hans. Reikningsárið sé almanaksárið, og skal rektor árlega birta reikninga sjóðsins í skólaskýrslum Menntaskólans í Reykjavík, og skal þar einnig greint, hver eða hverjir hafi hlotið verðlaun eða styrki úr sjóðnum það ár og hve mikið. Endurskoðun sjóðsins skal vera með sama hætti og annarra sjóða, er hlíta stjórn rektors.

**10. gr.**

Stjórnendur Minningarsjóðs séra Jóns Eiríkssonar og Guðrúnar Pálsdóttur, sem stofnaður var að frumkvæði Jóns Ófeigssonar, menntaskólakennara, til minningar um forfeður hans séra Jón Eiríksson, síðast prest á Stóra-Núpi (d. 1887) og konu hans Guðrúnu Pálsdóttur, á 100 ára afmælisdegi hennar 10. júní 1917, ákváðu, eftir að hafa fengið til þess leyfi dómsmálaráðuneytisins að afhenda rektor Menntaskólans í Reykjavík sjóðinn, þannig að hann sameinist Minningar- og verðlaunasjóði dr. phil. Jóns Ófeigssonar, yfirkennara. Bætast þá við verkefni þess sjóðs styrkveitingar sbr. 7. gr. hér að framan.

**11. gr.**

Með staðfestingu forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, falla úr gildi skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Jóns Eiríkssonar og Guðrúnar Pálsdóttur staðfest af konungi þ. 5. september 1918 og skipulagsskrá Minningar- og verðlaunasjóðs dr. phil. Jóns Ófeigssonar, yfirkennara staðfest af forseta Íslands þ. 26. febrúar 1948.

**12. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**REGLUGERÐ****um gatnagerðargjöld í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.****I. KAFLI**

**Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum.**

**1. gr.**

Gatnagerðargjöld samkvæmt reglugerð þessari skal greiða í sveitarsjóð af öllum nýbyggingum svo og viðbyggingum við eldri hús í Mosfellshreppi, sbr. 3. gr. Íbúðarhús ábúenda á lögþýlum eru undanþegin gatnagerðargjöldum.

**2. gr.**

Við úthlutun lóða eða þegar samningur hefur verið gerður milli landeiganda og sveitarstjórnar um gerð byggingarlóða og lóðir orðnar byggingarhæfar að mati sveitarstjórnar, skal lóðarhafi greiða allt að helmingi gatnagerðargjalds hverrar lóðar.

Eftirstöðvar gatnagerðargjalds greiðist við veitingu byggingarleyfis, enda sé sótt um byggingarleyfi innan sex mánaða frá því lóðarúthlutun fór fram.

**3. gr.**

Af hverjum rúmmetra húss skal greiða ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar á hvern rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, að frádregnum kostnaði við gatnagerð á hvern rúmmetra svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	8.0%
Raðhús og tvíbýlishús .....	6.0%
Fjölbýlishús .....	1.8%
Iðnaðarhúsnæði .....	2.5%
Iðnaðarhúsnæði 2000 m <sup>2</sup> —5000 m <sup>2</sup> .....	3.0%
Iðnaðarhúsnæði minna en 2000 m <sup>2</sup> .....	3.5%